FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Tilveran með áherslu á fjármálalæsi
Námsgrein:	Tilveran
Viðfangsefni:	Fjármálalæsi
Skammstöfun:	TILV1FL02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Í áfanganum er unnið að því að gera nemendur meðvitaða fjármál, peninga og hlutverk þeirra í daglegu lífi. Farið er í laun og frádrátt og hvert hann fer, rekstur heimilis og bíls, notkun greiðslukorta, gengi og gjaldeyri og fleira sem snertir fjárhagslegar skuldbindingar sem nemendur þurfa að takast á hendur. Einnig verður farið í heimilisbókhald og mikilvægi þess að halda utan um tekjur og gjöld. Markmið áfangans er að gera nemendur að öllu eða einhverju leiti fjárhagslega sjálfbjarga í raunverulegum aðstæðum.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Einföldum fjármálum daglegs lífs • Lestri launaseðla og annarra fjármálatengdra skjala • Tilgangi skatta og annars frádráttar • Rekstri heimilis og bifreiðar • Mikilvægi þess að hafa yfirsýn yfir eigin útgjöld og tekjur
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Gera sér grein fyrir daglegum kostnaði, t.d. fæði og húsnæði • Leita sér upplýsinga sem aðstoðar hann við nauðsynlega útreikninga • Lesa launaseðil • Byggja upp sparnað á einfaldan og hagkvæman hátt • Standa við fjárhagslegar skuldbindingar
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Gera sér grein fyrir mikilvægi peninga • Skilja tilgang skatta og gjalda og hvernig þeir nýtast okkur • Skilja mikilvægi þess að tekjur séu hærri en gjöld • Tileinki sér ábyrgð á eigin fjármálum og átti sig á að tekjur og gjöld verða að standast á • Halda utan um eigin fjármál að öllu eða einhverju leiti.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.